

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Akureyri, 21. september 2021
UST202103-084/G.S.Á.
08.06.02

Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr. 4 (602-B204) í olíubirgðastöð Skeljungs hf. á Akureyri

Umhverfisstofnun bárust þann 20. september sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Skeljungs hf. á Akureyri. Geymirinn er með fastanúmerið 214 8472-080101, eigandanúmer 4 (602-B204). Geymirinn er 3.200 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1947 en endurbyggður árið 1974 og er staðsettur í mengunarvarnaþró félagsins í Krossanesi.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf., á tímabilinu apríl til júní 2020. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymir ásamt neðsta umfari sé málað að innan að undanskildum nýjum tvöföldunarplötum sem soðnar voru í gólf geymis við viðgerð geymisins á tímabilinu frá apríl og fram í júní 2020. Var verkið unnið af stálsmiðjunni Hamar á Akureyri. Málning á geyminum er í þokkalegu ásigkomulagi. Fram kemur að gólf geymis sé afar ójafnt á köflum og að víða megi finna tæringar frá gamalli tíð sem gerir hann erfiðan til hefðbundinna þykktarmælinga. Allir blettir voru slípaðir sléttir fyrir mælingu til að gefa nákvæmari niðurstöðu. Merktir voru 174 staðir sem gáfu til kynna um frekari tæringu. 13 plötur höfðu efnisþykkt 3,9mm og minna, aðeins tvær plötur fóru undir 3mm. Viðgerð hefur nú farið fram og hafa allar tvöföldunarplötur verið merktar inná meðfylgjandi teikningar. Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. nr. 1981 um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri